

**Ed. 496. Frumvarp til laga [240. mál]**

um breyting á lögum nr. 6/1974, um tollskrá o. fl. (vegna fatlaðs fólks).

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

**1. gr.**

Á eftir 37. lið 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o. fl., komi nýr liður, svo hljóðandi, en aðrir liðir merkist skv. því:

Að lækka eða fella niður gjöld að fenginni umsögn tryggingaráðs eða Tryggingastofnunar ríkisins af talstöðvum í bifreiðar fatlaðs fólks sem lamað er eða bæklað til gangs. Eftirgjöf þessi ná einnig til smíðafnis í slíkar talstöðvar fyrir fatlaða.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með öðru frumvarpi um breyt. á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, leggja flutningsmenn til að gefin verði eftir starfrækslugjöld af talstöðvum í bifreiðar fólks, sem svo illa er fatlað til gangs að öryggi þess er í hættu ef bíll bilar á vegum úti, eða bifreið festist vegna ófærðar. Landssími Íslands lætur nú smíða miðbylgjustöðvar, sem þykja allgóðar til notkunar í bílum. Kosta stöðvar þessar 380 þúsund krónur og eru heldur ódýrari en innfluttar stöðvar samsvarandi. Tollur af smíðafni í stöðvar þessar nemur 35%. Talstöðvar af þessari tegund eru í tollflokki nr. 85-15-32, og er tollur af þeim einnig 35%. Þess má geta að algengt er að útgerðarmenn, sem láta smíða fiskiskip erlendis og búa þau tækjum þar, fái eftirgjöf innflutningstolla af talstöðvum.